



19. júlí 2011

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Sveitarfélagið Hornafjörður
Hafnarbraut 27
780 Hornafjörður

Eftirlitsskýrsla

Fyrirtæki Sorpurðunarsvæði Hornafjarðar á Mel í landi Fjarðar í Lóni, 781 Hornafjörður í Lóni	Starfsemi: Sorpurðurn Isat nr. Leyfið gildir fyrir Urðun á allt að 5.500 rúmmetrum á ári á flokkuðum og ópressuðum neyslu- og rekstrarúrgangi frá Sveitarfélaginu Hornafirði og Djúpavogshreppi
Eftirlit: 5.7.2011 Fulltrúi HAUST Helga Hreinsdóttir Fulltrúar fyrirtækis Haukur Ingi Einarsson vissi af ferðum heilbrigðisfulltrúa en var ekki viðstaddur	Starfsleyfi, gildistími frá 9. desember 2002 til 9. desember 2012 Staðsetning starfstöðvar (hnit):

Umhverfisstofnun vinnur starfsleyfi fyrir starfsemina og fer með beitingu þvingunarúrræða en hefur falið HAUST að viðhafa eftirlit með starfseminni með sérstökum samningi þar um.

Starfsleyfi gildir fyrir: [Urðun á allt að 5.500 rúmmetrum á ári á flokkuðum og ópressuðum neyslu- og rekstrarúrgangi frá Sveitarfélaginu Hornafirði og Djúpavogshreppi,](#)

Almennt

Eftirlit fór fram í samræmi við reglugerð nr. [786/1999](#) um mengunarvarnaeftirlit, starfsleyfi fyrirtækisins sem og á grunni samnings milli Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits Austurlands.

Í samræmi við samkomulag milli HAUST og starfsleyfishafa voru í eftirlitsferðinni einnig tekin sýni af fráveituvatni frá sorpurðunarstaðnum, sýni voru tekin á tveim stöðum, þ.e. úr brotnu röri sem leiðir sigvatn að biluðu hreinsivirki (hefur verið brotið í allmörg ár) og hins vegar úr læk við lóðarmörk. Hvort tveggja sem og rannsóknættir ákveðið í samráði við Umhverfisstofnun.

Skv. upplýsingum frá rekstraraðila; unnið er að endurnýjun starfsleyfis þar sem m.a. verður gerð grein fyrir úrbótum á hreinsivirki sem hefur verið bilað í allmörg ár.

Myndir sem teknar voru í eftirlitsferðinni fylgja og eru aftast í skýrslunni.

Hér að neðan eru í bláu lettri nokkrar greinar úr starfsleyfi urðunarstaðarins, sem að mati eftirlitsaðila skipta máli við vinnslu eftirlitsskýrslunnar.

Fráveitumál

3.8 Opin fráveita skal vera umhverfis allt urðunarsvæðið og einnig við þann hluta urðunarsvæðis sem er í notkun á hverjum tíma. Safna skal sigvatni og leiða í hreinsimannvirki sem hefur fengið samþykki Hollustuverndar ríkisins þar sem olía, fita, sýnilegir hlutir og agnir eru hreinsuð úr vatninu áður en því er veitt í fráveitu eða viðtaka.

Sigvatn er leitt um lagnakerfi undir haugsvæðinu í vesturátt. Fráveitulögnin opnast sem áður í bakka þar sem lækur/skurður leiðir ofanvatn af suðursvæðinu frá haugnum. Fráveituvatnið rennur síðan með ofanvatninu út af urðunarsvæðinu í norðurátt og í ána.

Í allmörg ár hefur siturlagnakerfi til hreinsunar á sigvatninu verið brotið og sigvatnið runnið óhreinsað í lækinn og þaðan út af urðunarsvæðinu. Í eftirlitsskýrslu undnafarinn ára hefur verið vakin athygli á þessu atriði.

Loftgæðamál

Nokkuð mörg rör hafa verið sett í haugsvæðið til að fylgjast með hauggasmyndun. Rekstraraðili tók þátt í verkefni á vegum Sambands sveitarfélaga og hefur skýrslu þar um verið skilað til UST.

Með bréfi til umhverfisráðherra dags. 24.6.2011 „óskar Sveitarfélagið Hornafjörður eftir undanþágu ákvæði laga og reglugerða sem um gassöfnun gildir á urðunarstöðum á Íslandi, frá 16. júlí 2011 til 9.12.2012, eða þangað til starfsleyfi staðarins rennur út.“

Fastur úrgangur

Úr gr. 3.1 Allt athafnasvæðið skal vera afgirt með girðingu, sem takmarkar umferð manna og skepna. Gott viðhald og eftirlit skal vera með girðingum.

Aðkoma að urðunarsvæðinu var þokkaleg.

- Hlið var læst en án merkinga um hvaða starfsemi fer fram eða opnunartíma. Enginn var við vinnu á svæðinu.
- Girðing um svæðið var að mestu í þokkalegu ástandi, en þó lá hún niðri að nokkru leyti. Ekki var plast eða fokefni í girðingunni eða utan við hana.
- Ekki var fé innan girðingar og reyndar lítið um fé í nágrenninu.
- Ekki varð vart við fugl á svæðinu

3.7 Ekki skal vera nema ein urðunarrein í notkun samtímis fyrir hvern úrgangsflokk.

Fleiri en einurðunarrein eru í notkun til að unnt sé að urða hverju sinni á þeim stað sem dregur úr líkum á foki, þ.e. að unnt sé að taka tillit til vindátta við urðun. Það er mat undirritaðrar að þetta sé farsælla en að hafa eina urðunarrein í senn.

3.9 Úrgangur sem lagður hefur verið í urðunargryfju skal birgður samdægurs. Urðunarreinar skulu eftir fyllingu huldar jarðvegslagi eða lagi úr sambærilegu efni, minnst 100 sm þykku.

Allvíða sést í úrgang og það verklag að leggja nót yfir úrgang í lok dags í stað þess að þekja með jarðvegi hefur verið kynnt Umhverfisstofnun án þess að aths. hafi verið gerðar.

Það er hins vegar mat undirritaðrar að betur þurfi að þekja þau svæði sem gengið er frá og/eða að of mörg svæði séu undir hverju sinni. Allmikið af fokefnum stendur uppúr jarðvegi, lífrænn úrgangur (fiskur í salti), timbur, net og plastefni eru á allmörgum stöðum á yfirborði haugsvæðisins og ópakín. Sbr. myndir aftan við skýrsluna.

Rekstraraðili hefur þegar rætt við verktaka og komið á framfæri ábendingum um ófrágengin svæði. Verktaki tók fram að unnið er í því að ganga endanlega frá svæðinu, búið er að koma vélum á svæðið og því eingöngu eftir að þekja yfirborð á því svæði sem búið er að urða í og koma í rétta hæð. Áformar verktakinn verkið verði klárað í ágúst.

Tekið er á móti lífrænum úrgangi og hann urðaður í SA horni svæðisins. Til að þurfa ekki að þekja daglega hefur verið útbúið n.k. þak yfir gryfju og er reft yfir með neti til að dýr komist ekki að. Verklag þetta hefur verið kynnt UST í fyrri eftirlitsskýrslum. 3.11 Móttaka á slátur-, kjötvinnslu- og fiskúrgangi svo og sjálfdaudu búpeningi á urðunarsvæðinu skál ávallt haga þannig að nægur tími sé til að urða þennan úrgang tryggilega áður en dagsverki lýkur.

Mengunarvarnir

Sjá aðra kafla skýrslunnar.

Skráningar; skýrslur, handbækur og áætlanir.

1.7 Rekstraraðili skal skrá og senda, fyrir 1. mars ár hvert, eftirfarandi í samanteknu formi fyrir hvert almanaksár til Hollustuverndar ríkisins og Heilbrigðisnefndar Austurlands:

- sýnatökur og mælingar á mengunarefnum skv. gr. 4.2 og niðurstöður mælinganna

Niðurstöður mengunarmælinga sem fram fóru árið 2010 hafa verið sendar, niðurstöður mælinga úr þeim sýnum sem tekin voru í eftirlitsferðinni verða sendar um leið og þær liggja fyrir.

Um mælingar á hauggasi var fjallað hér að ofan.

- magn og tegundir úrgangs sem berast urðunarstaðnum

Þann 15.6.2011 voru magntölur ársins 2010 sendar UST (gbi@umhverfisstofnun.is)

- upplýsingar um rekstur hreinsimannvirkja. Hér er átt við magn og gerðir tilfallandi efna úr grófhreinsun og hvernig þeim er fargað
- upplýsingar um óhöpp, svo sem ófyrirséða losun spilliefna, bruna mikla gasmyndun eða annað óvenjulegt.

Ekki er vitað um óhöpp í rekstrinum á liðnu ár.

- upplýsingar um magn og tegundir úrgangs sem fara til endurnýtingar

Þessar upplýsingar eru í sömu gögnum og magntölur ársins 2010 og hafa verið sendar til UST

Upplýsingar þessar skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila hvenær sem er.

Samantekt

Í bréfi dags. 25.5.2011 óskar UST eftir að aðilar sem fara með eftirlit með urðunarstöðum skv. samningum þar um hugi sérstaklega að því hvort urðunarstaðir uppfylli ákvæði reglugerðrar 738/2003. Það er mat undirritaðrar að svo sé, þó með þeirri undantekningu að gassöfnun hefur ekki hafist, en send hefur verið undanþágubeiðni til ráðherra.

Eins og fram hefur komið rennur starfsleyfi urðunarstaðarins út í desember 2012. Vinna við endurnýjun leyfis og aðlögun að strangari reglum um mengunarvarnir í samræmi við reglugerðina er þegar hafin.
Egilsstaðir 19.7.2011

Helga Hreinsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi


Myndir teknar á urðunarstað Hornfirðinga í Lóni þann 5.7.2011



Aðkoma að svæðinu. Hlið læst en ómerkt. Girðing að hluta til illa farin og ekki fjárheld



Fokrusl í skurði þar sem seyra er losuð og áform eru um að gróðursetja skjólbelti



Gryfja fyrir sláturúrgang. Vel reft yfir með neti.



Lífrænn

úrgangur, þ.e. fiskur og salt sem virðist hafa verið losaður við timburgryfju fyrir allöngu. Bein hafa verið dregin frá og hreinsuð af fugli. Eindregið hvatt til að úrgangur af þessu tagi sé losaður með lífrænum úrgangi.



Allmikið er af úrgagni ofan á haugsvæðinu, eining fokefni. Yfirbragð svæðisins þarf að mati undirritaðrar að batna.



Sýnatökustaðir

Við frárennslisrör þar sem siturlagnabeð er ónýtt



Sýni tekið úr brotnu röri



Annað sýni tekið við lóðarmörk, þar sem sigvatn og ofanvatn renna saman í skurði/læk undir girðingu.